

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/165

2015/EES/63/48

frá 3. febrúar 2015

um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir mjólkursýru, *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6, kítósanhýdróklóríð og *Equisetum arvense* L. í eða á tilteknum afurðum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fódri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Að því er varðar *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6, kítósanhýdróklóríð og *Equisetum arvense* L. voru hvorki fastsett tiltekin hámarksgildi leifa né voru efnin færð á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 og þar af leiðandi gildir staðalgildið 0,01 mg/kg sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Kítósanhýdróklóríð er samþykkt sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ⁽²⁾. Með tilliti til framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 563/2014 ⁽³⁾ telur framkvæmdastjórnin að rétt sé að færa efnið á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 3) *Equisetum arvense* L. er samþykkt sem grunnefni í samræmi við reglugerð nr. 1107/2009. Með tilliti til framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 462/2014 ⁽⁴⁾ telur framkvæmdastjórnin að rétt sé að færa efnið á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 4) Mjólkursýra er samþykkt sem matvælaaukefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 ⁽⁵⁾. Með tilliti til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 ⁽⁶⁾ telur framkvæmdastjórnin að rétt sé að færa mjólkursýru á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 5) Að því er varðar *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6 komst Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) að þeirri niðurstöðu ⁽⁷⁾ að rétt sé að færa það á skrá í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
- 6) Á grundvelli niðurstöðu Matvælaöryggisstofnunarinnar og að teknu tilliti til þeirra þátta sem skipta máli í þessu tilliti uppfylla viðeigandi breytingar á hámarksgildum leifa viðeigandi kröfur í 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 14 gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 28, 4.2.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls.1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 563/2014 frá 23. maí 2014 um samþykki fyrir grunnefninu kítósanhýdróklóríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 156, 24.5.2014, bls. 5).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 462/2014 frá 5. maí 2014 um samþykki fyrir grunnefninu *Equisetum arvense* L., í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 134, 7.5.2014, bls. 28).

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16).

(6) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum (Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1).

(7) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance *Lecanicillium muscarium* strain Ve6, notified as *Verticillium lecanii*.“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(1), 1446. [45 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2010.1446.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í IV. viðauka bætast færslurnar: „mjólkursýra (2)“, „*Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6“, „kítósanhýdróklóríð“ og „*Equisetum arvense* L.“, við í stafrófsröð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
